

Nd.

258. Frumvarp til laga

[150. mál]

um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar, og lögum nr. 83 29. des. 1967.

Flm.: Stefán Valgeirsson, Eysteinn Jónsson, Sigurvin Einarsson.

1. gr.

Á eftir e-lið fyrri mgr. 46. gr. laganna (4. gr. laga nr. 83 1967) bætist nýr stafliður, svo hljóðandi:

f. Að greiða óhjákvæmilegan ferðakostnað sjúklinga svo og barnshafandi kvenna úr þeim héruðum, þar sem ekki er læknir til staðar eða sjúkrahús.

Nánari reglur um þessar sérstöku ferðakostnaðargreiðslur setur tryggingaráð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eitt mesta vandamál margra héraða nú er læknaskorturinn. Íbúarnir í þessum héruðum húa við svo mikið öryggisleysi og erfiðleika, að vart er hægt að lýsa með orðum. Þótt aðstöðumunur landsins barna sé mikill á mörgum sviðum, þá er hann mestur og geigvænlegastur í þessum efnum. Ef slys ber að höndum eða snögg lífshættuleg veikindi, er það oft atvikum háð, hvort mögulegt reynist að ná til læknis í tæka tíð. En þó að óvissan sé mest yfir veitarmánuðina í afskekktum snjóþungum héruðum, sem húa við ófullkomið vegakerfi, er hún alls staðar fyrir hendi, þar sem miklar vegalengdir eru til næsta læknis í vetrarveðráttu. Það hefur því orðið fangaráð, að barnshafandi konur, sem búsettar eru í þessum héruðum, hafa tekið sig upp nokkrum vikum áður en þær vænta sín og fluttu til þeirra staða, sem hafa næga lækna- og sjúkrahúspjónustu. Þessu hlýtur að fylgja mikill kostnaður, sem er óeðlilegt og ósanngjarnt að þær beri. Ef þessi sjálfsagða þjónusta er ekki til staðar heima í héruðunum, eins og búið er að viðurkenna að eigi að vera með því að skipta landinu öllu í læknishéruð, þá má ekki minna vera en að þeir, sem þurfa á henni að halda og fá hana ekki í sinni heimabyggð, þurfi ekki að borga ferðakostnaðinn. Annar kostnaður og óþægindi, sem af þessu leiðir, eru næg fyrir því.

Í lögum um almannatryggingar frá 1967, 7. gr., sem er breyting á 49. gr. laganna frá 1963, segir í h-lið:

„Óhjákvæmilegan flutningskostnað sjúks samlagsmanns á sjúkrahús innanlands að $\frac{3}{4}$ hlutum, enda sé flutningsþörfin svo bráð og heilsu hins sjúka svo farið, að hann verði ekki fluttur eftir venjulegum farþegaflutningaleiðum að dómi samlagslæknis og sjúkrasamlagsstjórnar.“

Þetta lagaákvæði er gott, svo langt seu það nær. Hins vegar skiptir allt öðru máli, sé héraðið læknilaust. Þá er eðlilegra, að sjúkratryggingadeild greiði þennan kostnað fremur en sjúkrasamlögin og að þessi kostnaður sé greiddur, hvort sem farið er með áætlunarferðum eða ekki. Og það sýnist vera eðlilegt og sanngjarnt, að hinn sjúki fái allan ferðakostnaðinn greiddan í þeim tilfellum, því að ef þjóðfélagið innir ekki þá sjálfsögðu skyldu af hendi við héruðin að sjá þeim fyrir læknisþjónustu, þá hlýtur samfélagið að eiga að bera þann kostnað, sem af vanrækslunni leiðir.